



**Kristján Þór Júlíusson**  
**sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra**  
**Skúlagötu 4, 101 Reykjavík.**

Reykjavík, 20. febrúar 2018

**Efni : Krafa um upplýsingar og stjórnsýsluúttekt á viðbrögðum eftirlitsaðila.**

Ágæti ráðherra.

Í fjölmiðlum hefur verið greint frá því að í óveðri að undanfögnu hafi búnaður fiskeldisfyrirtækisins Arnarlax orðið fyrir skemmdum. Sjókví hafi laskast í Tálknafirði með þeim afleiðingum að flothæfni var ekki lengur til staðar. Einnig hafi komið rifa eða gat á nót í kví fyrirtækisins í Arnarfirði. Nú 8 dögum síðar kemur fram í Fréttablaðinu að til standi að senda eftirlitsmann á staðinn til að taka út mannvirki og búnað fyrirtækisins.

Landssamband veiðifélaga gerir alvarlega athugasemd við að upplýsingar um þau umhverfisslys sem um ræðir skuli ekki koma með beinum hætti frá fyrirtækinu sjálfu eða opinberum eftirlitsaðilum, heldur eru fréttir um málið fram komnar vegna dugnaðar fréttamanna sem upplýsa um hluti sem eiga brýnt erindi við almenning og hagsmunaaðila, en virðast hafa átt að fara leynt.

Landssambandið minnir á að í sjókvíaeldi Arnarlax er notaður frjór norskur lax sem er að lögum skilgreindur sem framandi stofn í íslenskri náttúru og því bannað að sleppi út í umhverfið.

Það er mikið áhyggjuefni að eftirlit með þessari starfsemi skuli vera í því skötulíki sem birtist m.a. í því að svo löngu eftir að atburður á sér stað skuli eftirlitsstofnunin fyrst ferðbúast á vettvang til að skoða atburði sem eru eðli málsins samkvæmt um garð gengnir.

Því óskar Landssambandið að ráðuneyti yðar upplýsi eftirfarandi:

1. Hvenær var Matvælastofnun tilkynnt um þau atvik sem að framan greinir og hver voru viðbrögð stofnunarinnar. Óskað er upplýsinga um meðferð málsins og aðgerða stofnunarinnar um þann tíma sem liðinn er.
2. Hvenær var Fiskistofu tilkynnt um það sama og hvenær hóf stofnunin aðgerðir til að veiða strokulax á þeim svæðum sem um ræðir. Hafa lögboðnar veiðar yfirleitt farið fram?
3. Hvernig hyggst ráðuneytið eða undirstofnanir þess upplýsa um afleiðingar þeirra atburða sem um ræðir eða verður slíkt ekki upplýst?

Landssamband veiðifélaga vekur sérstaka athygli á að sá eldisbúnaður sem fyrirtækið Arnarlax notar hefur vottun í samræmi við norska staðalinn NS 9415. Nú er að koma í ljós að vottun samkvæmt þeim staðli er engin trygging fyrir því að búnaður geti talist öruggur við íslenskar aðstæður. Þessi staðreynd, ásamt þeim brotalömmum sem eru sífellt að koma fram í eftirliti með sjókvíaeldi á laxi, kallar að mati Landssambandsins á endurmat á starfseminni.


Þá fer Landssambandið eindregið fram á að gerð verði stjórnsýsluúttekt á eftirliti þeirra stofnana sem lögum samkvæmt hafa eftirlit og stjórnsýslu á sjókvíaeldi með höndum. Er þar sérstaklega vísað til þess mikilvæga hlutverks og ábyrgðar sem Matvælastofnun er fengið.

Einnig fer Landssamband veiðifélaga fram á að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið áminni Matvælastofnun og Fiskistofu um að miðla upplýsingum um atburði í sjókvíaeldi sem úrskaiðis fara, og erindi eiga við hagsmunaaðila og almenning líkt og á sér stað við aðra mengandi stóriðju sem náttúru landsins getur stafað hætta af.

Landsambandið óskar þess að bréfi þessu verði svarað hið fyrsta og í svari yðar verði tilgreindar þær aðgerðir sem ráðuneytið hyggst grípa til í ljósi alvarlegu atburða nú í febrúar.

Virðingarfyllst,

Fh. Landssambands Veiðifélaga



Jón Helgi Björnsson,  
formaður